

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um ættleiðingar frá útlöndum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Eiga foreldrar kost á ferðastyrkjum í tengslum við ættleiðingar barna frá útlöndum?
2. Hvaða reglur gilda um slíka styrki annars staðar á Norðurlöndum?
3. Eru veittar skattaívilnanir vegna kostnaðar við ættleiðingar frá útlöndum?
4. Er veittur skattafrádráttur annars staðar á Norðurlöndum vegna slíks kostnaðar?

**Skriflegt svar óskast.**